

Skógarvörðurinn á Vöglum,  
.....

S T A R F S S K Y R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 8 0 .  
.....

Isleifur Sumarliðason.  
.....

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1980.

### 1. V E Ð U R F A R A R S I N S.

-----

#### 1. 1. Tíðarfarsyfirlit.

I janúar var breytileg átt, en suðaustlæg átt tíðust að tiltölu. Hitastig var líftíð eitt neðan við meðallag, snjólíftíð.

Meðalsnjóddýpt var 24 cm.. Hámark hita mældist 8.3 stig 12. janúar, lágmark -17.3 stig 1. s. m.

I febrúar var tíðabfarið hagstætt og hiti ofan við meðallag, suðaustlæg átt var tíðust að tiltölu. Snjólíftíð.

Meðalsnjóddýpt var 29 cm., hámark hita mældist 8.7 stig 23. febrúar, lágmark -19.4 stig 4. s. m.

I marz var hagstætt tíðarfar og mjög snjólétt. Suðlæg og suðvestlæg átt var tíðust að tiltölu.

Meðalsnjóddýpt var 6 cm. Hámark hita mældist 7.4 stig 19. marz, lágmark -14.4 stig 2. s. m.

I apríl var hagstætt tíðarfar um land allt.

Sunnan og suðvestan átt var tíðust að tiltölu.

Meðalsnjóddýpt var 3 cm. Hámark hita mældist 11.5 stig 30. apríl, lágmark -9.2 stig 3. s. m.

I maí var hagstætt tíðarfar, breytileg átt, en suðlæg átt tíðust.

Lerki var farið að litkast 13. maí, viku síðar var það orðið algrænt og birki farið að litkast. Birki-skógurinn var algrænn yfir að líta 26. maí.

Snjóddýpt var aðeins mæld fimm sinnum.

Hámark hita mældist 22.2 stig 22 maí, lágmark -7.1 stig 7. s. m.

I júní var hagstætt tíðarfar, breytilegt átt, en norðlæg átt þó einna tíðust. Úrkoma var með mesta móti.

Hámark hita mældist 20.8 stig 10. júní, lágmark -0.4 stig 1. s. m.

I júlí var hagstætt veðurfar, breytileg átt en úrkomu lítið.

Hámark hita mældist 24.7 stig 31. júlí, lágmark 1.6 stig 27. s. m., sama dag -0.2 stig á lágmarksmáli v/ jörð.

I ágúst var breytileg átt, nokkuð úrkomusamt og hagstætt tíðarfar.

Hámark hita mældist 22.6 stig 1. ágúst, lágmark -0.4 stig ~~29. s. m.~~ 29. s. m. Frost mældist sex sinnum á lágmarksmáli v/ jörð, mest -2.4 stig.

Um miðjan mánuð fóru að sjást haustlitir á skóg-inum.

Talsvert úskufall var 17. ágúst um og eftir kl. 18<sup>00</sup>, vegn a eldgosins í Heklu.

I september var nokkuð breytileg átt, austan átt þó einna tíðust og úrkomu lítið.

Hámark hita mældist 14.8 stig 22. september, lágmark -4.5 stig 19. s. m. Frost mældist 11 sinnum á lágmarksmáli við jörð, mest 5.6 stig 19. sept.

Þann 3. september var skógurinn mjög farinn að gulna og lauffall byrjaði þrem dögum síðar. Þann 18. var mikið lauffall og 23. s. m. var skógurinn að mestu lauflaus.

I október var breytileg átt, en austlæg átt þó einna mest áberandi. Kalt og heldur óhagstætt veðurfar.

Meðalsnjóddýpt var 31 cm., mest 40 cm. 11. okt.

Hámark hita mældist 10.4 stig 31. október, lágmark -12.7 stig 20. og 21. s. m.

I nóvember breytileg átt, en suðlæg eða suðaustlæg átt þó einkum áberandi og hiti neðan við meðallag.

Meðalsnjóddýpt var 17 cm. mest 44 cm. 28. nóvember.

Hámark hita mældist 9.9 stig 4. nóv., lágmark -16.6 stig 24. s. m.

I desember var breytileg átt og talsverð frost.  
Meðalsnjóddýpt var 25 cm., mest 47 cm. í lok mánaðarins.  
Hámark hita mældist 9.6 stig 4. desember, lágmark -21.1 stig 19. s. m.

1. 2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1980.

	<u>Meðalhiti C°</u>		<u>Úrkoma mm.</u>	
Janúar	-3.9	( -7.4 )	76.6	( 57.0 )
Febrúar	-1.7	( -4.0 )	33.9	( 16.2 )
Marz	-0.9	( -7.1 )	27.3	( 58.2 )
Apríl	2.5	( -0.9 )	26.9	( 78.2 )
Maf	6.8	( -1.3 )	27.0	( 70.4 )
Júní	9.0	( 8.5 )	78.0	( 48.9 )
Júlí	10.8	( 8.4 )	27.2	( 20.3 )
Agúst	9.4	( 7.9 )	62.3	( 26.4 )
September	5.6	( 2.1 )	37.7	( 114.7 )
Október	-1.8	( 5.8 )	78.7	( 42.9 )
Nóvember	-1.6	( -2.3 )	69.3	( 111.8 )
Desember	-5.8	( -3.1 )	61.6	( 44.9 )
<u>Arið</u>	<u>2.4</u>	<u>( 0.6 )</u>	<u>605.5</u>	<u>( 688.8 )</u>

Tölurnar í svigum, sýna hita og úrkomu 1979.

1. 3. Meðalhiti júní - september var 8.9 stig.

## 2. V Ö X T U R O G Þ R I F T R J A G R Ö Ð U R S.

### 2. 1. Laufgun og lauffall birkis.

Þann 20. maí var birki farið að litkast og 26. s. m. var birkiskógurinn grænn yfir að líta.

Ibyrjun september var skógurinn farinn að gulna og lauffall byrjaði 6. september. Mikið lauffall 18. september og 23. s. m. var skógurinn að mestu lauflaus.

### 2. 2. Vöxtur.

Vöxtur á barrtrjám, nema þá helst á lerki, var afar lítil, en í meðallagi á öðrum trjátegundum.

### 2. 3. Fræfall.

Fræfall var ekkert á barrtrjám og svo lítið á lauftrjám að engu var safnað.

### 2. 4. Skaðar á trjám.

Miklar skemmdir komu fram á barrtrjám eftir kulda-ana 1979.

Í Eyjafirði skemmdust grenitegundirnar mjög mikið, en misjafnlega þó. Mun minna sá á furutegundunum.

Í Kristnesi skemmdist rauðgrenið mjög mikið og þar gerir köngurlingur einnig mikinn usla, sérstaklega á broddgreni og sitkagreni.

Í Þingeyjarsýslum urðu skemmdir hvað mestar í Fellsskógi. Þar má segja að síberfupinur og balsampinur séu ónýtir. Fjallapinurinn slapp miklu betur. Af rauðgreni virðist kvæmið "Drevja Vefsen" einna verst farið og hvítgreni, Fairbanks, mikið skemmt. Sitkabastarður og blágreni sluppu miklum mun betur. Í Sigríðarstaðaskógi skemmdust barrplöntur einnig mjög mikið, þá sérstaklega rauðgreni og einnig urðu umtalsverðar skemmdir í Vaglaskógi og Þórðarstaðaskógi.

Víða mátti sjá skemmdir á stafafura, t. d. Skagway kvæmi, en í Þórðarstaðaskógi eru þó nokur kvæmi sem lítið eða ekki sá á. Aftur á móti sáust skemmdir á lindifuru á Vöglum, en það hefur ekki gerst áður.

### 3. STARFSFÓLK.

Engar teljandi breytingar urðu á starfsfólki, enda mest sama fólkið úr sveitinni sem vinnur hér ár eftir ár.

Ráðskona var Svafa Hermannsdóttir, starfsfólk var flest 24 á launaskrá í júní.

Launagreiðslur, þ. á meðal launatengd gjöld voru, að frádegnum launum skógarvarðar, að mér telst, um kr. 57 miljónir.

### 4. GIRÐINGAR.

#### 4. 1. Viðhald.

Viðhaldskostnaður girðinga varð kr. 1.016.346, umsjón, þar með talin smölun, kr. 947.991.

Mestur kostnaður var við smölun í Þórðarstaðaskógi og svo varð töluverður kostnaður við smölun í nýju girðingunni um Mela-og Stórhöfðaskóg. Þar reyndist erfitt að verjast ágangi fjárins, sem fór meira að segja yfir ána

I Vaqlagirðinguna var bætt 18 staurum 6 f. fúav. og 6 staurum 6 fúav.

I Sandhaugagirðingu var bætt 50 staurum 6 f. fúav.

I Þórðarstaðagirðingu var bætt 80 staurum 6 f. fúav., 8 staurum 5 f. 6 fúav, 12 jarnstaurum og 3 rl. gaddavír. Girðingun þarfnast víða endurbóta, einkum þó á fjallinu og reyndar geflarnir líka.

Vaqlir, Þelamörk, bætt í girðinguna 15 staurum 5. f. fúav.

Kristnes, bætt var í girðinguna 30 staurum 6. f. fúav. Var það hvergi nærri nóg og þarf að girða hana upp á löngum köflum.

#### 4. 2. Nýjar girðingar.

Lokið var við nýja hluta girðingarinnar  
Mela-og Stórhöfðaskóg, 900 m. lengd. Einnig  
var tekin upp gamla girðingin að mestu.

Verkstjórnannaðist Jóhannes Gíslason.

Af efni til girðingarinnar var notað:

12 rl. vírnet  
15 - gaddavír  
170 st. girðingastaurar, birki, fáv.  
9 - hornstaurar

Vinnuáun voru kr. 644.127.-

-----

Birgðir af girðingarfevni í árslok:

16 rl. vírnet,  
72 - gaddavír  
350 st. rekaviðarstaurar.

#### 5. SKÓGARHÖGG.

##### 5. 1. Viður.

Skógarhöggið fór að langmestu fram í Vaglaskógi,  
aðeins lítilsháttar var höggvið í Þórðarstaða-  
skógi, ofan af stafafura þar.

Mest var höggið í reitum nr. 224 og 215. Því er  
ekki að leynd að mikið þarf að hreina burt af  
tyggám sem eru að þorna upp í tppin, afleiðingar  
eftir meðkasumarið mikla.

Tekjur af skógarafurðum voru þessar:

Staurar.....	kr.	417.700
Efniviður.....	-	1.941.435
Reykviður.....	-	473.400
Arinnviður.....	-	1.690.629
Plattar.....	-	707.800
Ymislegt.....	-	<u>317.600</u>
<u>Samtals</u>		<u>5.548.564</u>

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1980.

	<u>Staurar 5 fet</u>	<u>Staurar 6 fet</u>	<u>Efniv. tonn</u>	<u>Eldiv. tonn</u>	<u>Ymisl. tonn</u>	<u>Samtals krónur.</u>
Sala 1980	110	186	6.00	31.90	1.00	5.548.564
S. r. Vöglum	27	373		4.00		774.800
Birgðir, Vöglum	510	1800	6.00			3.300.325
	647	2359	12.00	35.90	1.00	9.623.689
Birgðir '79	420	1500	6.00	6.00		1.836.500
Högg 1980	227	859	6.00	29.90	1.00	7.787.189
Tonn	1.14	6.87	6.00	29.90	1.00	44.91

Laun og launatengd gjöld vegna skógarhöggs voru kr. 6.841.696.--.

Seld voru um 8000 stk. 4x4x35, 4x4x55 og 8x8x60 cm. efni í pila til Armanns Þorgrímssonar, Akureyri.

Full þörf veri á nýjungum í sambandi við nýtingu viðar. Hefur þá helzt verið rétt um að hefja kolagerð að nýju og svo að spena viðinn niður til eldiviðar nota (flis) eða til nota við reykingu matvæla.

5. 2. Jólatrið.

Alls voru felld 774 jólatrið, á tímabilinu 27. október-15. nóvember. Voru þau tekin á þessum stöðum:

Vaglir.....	72	tré
Fellsskógur..	192	"
Sandhaugar...	8	"
Þórðarstaðask.	500	"
Kristnes.....	2	"
<u>Samtals</u>	<u>774</u>	<u>tré</u>

Seld voru 729 tré, þar af 2 aðkeypt, 26 tré fóru til starfsmanna o. fl., 21 tré seldust ekki eða voru ósöluhaf vegna skemmda eftir flutninga, eða léleg af öðrum orsökum.



Trén skiptast þannig:

<u>Stærð</u>	<u>Rauðgreni</u>	<u>Stafafura</u>	<u>Fjallap.</u>	<u>Alls</u>
70-100	46	6		52
101-125	223	3	4	230
126-150	231	17	9	257
151-175	121	13	5	139
176-200	55	3	1	59
201-250	22	2		24
251-300	4			4
301-400	6			6
400-500	1			1
500-600	1			1
600-700	2 x)			2
<b>Samtals</b>	<b>666</b>	<b>44</b>	<b>19</b>	<b>729</b>

x) Aðkeypt tré.

Tekjur skiptast þannig:

	<u>Sala .</u>	<u>Aðkeypt</u>	<u>Mism.</u>
Jólatré	9.782.000	484.800	9.297.200
Innfl.greinar, kónglar	2.227.200	2.899.400	1.327.800
Isl.greinar og mosi	742.200		742.200
<b>Samtals</b>	<b>14.751.400</b>	<b>3.384.200</b>	<b>11.367.200</b>

Farnar voru söluferðir í Mývatnssveit, til Húsavíkur, Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Enn var farið að fyrirmælum skógræktarstjóra að láta Skógræktarfélag Eyfirðinga sitja eitt að söllumni á Akureyri. Og enn tókst þeim að sitja uppi með og eyðileggja 100 tré, sem er auðvitað framför frá f. ári, en þá eyðilögðust a. m. k. helmingi fleiri tré fyrir hreina handvömm.

Í Fosseleskógi voru höggvin um 250 tré fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga og sá Friðgeir Jónsson um það, en þeir Yztafellsmenn tóku um 260 tré hjá sér og fóru öll þessi tré til sölu hjá Skógrf. Eyfirðinga.

## 6. GRÖÐRARSTÖÐ.

### 6. 1. Fræplöntur.

Sáning hófst 20. maí og lauk 10. júní. Sáð var 7.49 kg. í 386.0 m<sup>2</sup>.  
Haustsáning var gerð 5. nóvember og sáð 7.05 kg. í 14.8 m.

Sáningin tókst nokkuð vel og vísast til skýrslu um sáningar og plöntubirgðir haustið 1980. Mestu af lerkinu var vafið í móbönd í haust, 51 þúsund plöntum og hluti af birkinu tekið upp og flokkað og skógarplöntur sendar í Tumastaði til geymslu.

### 6. 2. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 27. maí og lauk 20. júní. Dreifsettar voru 122 þúsund plöntur og vafðar í móbönd 51 skógarplöntur, auk þess tæplega 4 þúsund garðplöntur.

Dreifsetning tókst nokkuð vel, en hefði þurft að vera meiri, en ekkert var t. d. dreifsett af blá-greni vegna frostskennda frá haustinu áður. Mjög mikið gekk úr stafafuru, Skagway, hinsvegar kom stafafura af White Pass kvæmi mun betur út, hvort sem draga má af því vísbendingu um að hún henti hér betur.

Ekkert var látið af dreifsetningarplöntum, nema lítilsháttar af reynivið að Laugabrekku, en talning fékkst ekki á honum.

### 6. 3. Garðplöntur.

Garðplöntur voru seldar fyrir 25.534.505 (m.sölu-sk.), auk þess voru afhentar plöntur í Kristnes, Laugabrekku og Hallormsstað f. kr. 2.605.000 og til skjólbelta f. kr. 1.643.000. Aðfengnar voru plöntur til sölu frá Hallormsstað og lítilsháttar frá Tumastöðum, en verðmæti þeirra ekki fyrir hendi. Til samanburðar má geta þess að á sl. ári voru seldar plöntur f. 6.318.748, netto.

Farnar voru sölufærðir til Húsavíkur, Dalvíkur, Ólafsfjarðar, Siglufjarðar og Blönduós. Alls voru afhentar 34.732 plöntur, 30.870 plöntur úr bæði, 3.547 pottaplöntur og 315 hnausplöntur úr skógi. Gert er ráð fyrir röklega 41.000 plöntum til sölu 1981, þar af tæplega 10.000 pottaplöntum.

#### 6. 4 Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 96.867 plöntur, að verðmæti kr. 11.963.483.-, þar af sala kr. 7.417.123, afhent fyrir kr. 4.546.360.

I haust voru tekin upp 6.725 birki 1/o og send í geymslu að Tumastöðum.

Til afhendingar næsta vor og sumar eru áætlaðar 92.200 plöntur, þar af 32.200 móbandsplöntur. Talsvert verður að standa yfir af stafafuru, sem lítið sem ekkert óx í stöðinni sumrin 1979-80 og reyndar fleiri barrplöntur.

#### 6. 5. Illgresiseyðing.

Þrjár stólkur unnu aðallega við hreinsunina eins og undandarin ár. Sömu lyf voru notuð og áður, nema að nú var Grammoxone ekki fánlegt lengur og s. l. haust var sprautað með Roundup í götur og víðar þar sem ekki var talin hætta að það gæti skaðað.

#### 6. 6. Nýframkvæmdir.

Engin nývirki voru gerð í stöðinni, nema hláðnir tveir grjótkantar til afmörkunar við reitina. Ákveðið hefur verið að koma upp kæli- og frystigeymslu við gróðrarstöðina og vonandi verður það til þess að betri plöntur komi frá stöðinni og til mjög aukinnar hagræðingar.

#### 6. 7. Vmislægt.

Lögð var áherzla á að úða nógu snemma, sérstaklega í gróðurhúsum og má segja að vel hafi tekist til. Lerki var skyggt bæði úti og inni í gróðurhúsum.

6. 8. Kostnaður.

Vinnulaun og launatengd gjöld voru þessi:

Ósundurliðað	kr. 1.050.912
Verkstjórn	- 2.946.307
Ræktun skógarpl.	- 6.735.661
Hreinsun	- 348.789
Ræktun garðpl.	- 8.472.717
Jarðabætur	- 210.194
Vetrarumbúnaður	- 226.469
Jarðefnav.	- 133.944
Afgreiðsla	- 219.018
Umhverfi	- 1.698.038
<u>Samtals</u>	<u>kr. 22.091.049</u>

6. 9. Sala og afhending.

Seldar og afhentar voru trjáplöntur að verðmæti:

Seldar garðplönur	kr. 25.534.505
Afhentar "	- 4.248.000
Seldar skógarpl.	- 7.417.123
Afhentar "	- 4.546.360
<u>Samtals</u>	<u>kr. 41.745.988</u>

Mæð garðplöntum eru taldar skjólbeltaplöntur, í verði garðþantna innif. söluskattur.

7. GRÓÐURSETNING.

Gróðursetning hófst 19. júní og lauk 25. s. Gróðursettar voru 9.190 plöntur, allt í tíma- vinnu og var kostnaður á plöntu 39 krónur. Gróðursetning hefur verið í lágamrki undanfarin ár m. a. vegna plöntuskorts. Verður ekki hjá því komist að auka hana mjög frá því sem verið hefur. Aðstoð var veitt við gróðursetningu á Illuga- stöðum og að Hofsa í Svarfaðardal.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Blágreini	1/3	Highw. S.825	3.550
Sigríðarstaðask.	"	"	"	2.500
Þórðarst.skógur	"	"	"	700
Kristnes	"	"	"	1.200
"	Hvítgreini	2/5	Kenai 857	400
"	Stafafura	2/2	Hanies 908	840
	<u>Samtals</u>			<u>9.190</u>

8. HIRÐING PLANTNA.

I Fellsskógi var áfram unnið að umhirðu plantna og borið á 250 kg. af tilbúnum áburði.  
Farið var í Sandhauga og hreinsað frá plöntum þar.  
I Þórðarstaðaskógi var tekið mest af birkinu ofan af stafafurunni þar og nokkuð af birki oafn af lerki í Vaglaskógi.  
Ljóst er þó að alltof lítið er aðgert.

9. BYGGINGAR.

9. 1. Viðhald.

Viðhald bygginga var með mesta móti.  
A Vöglum I má segja að húsið hafi verið gert upp að innan.  
Gólf yfir kjallara var styrkt og einangrað, á hæð var skipt um eldhúsinnréttingu og hreinlætistöki.

Húsið var að mestu einangrað að nýju, innan frá og klætt með spónaplötum, nema panil í gangi og hluta af stofu. Skift var um flesta glugga í húsinu og settur nýr stigi upp á loftið og dökur eða teppi á gólf.

Framkvæmd þessari er að mestu lokið, nema smávegis lagfæringar sem gera þyrfti. Gert hafði verið ráð fyrir að gera gamla fjósið að þvottahúsi og geymslu, en ekkert var hægt að eigna við það að sinni. Kostnaður varð tæpl. 17 milljónir króna og er þá ekki meðtalin eldhúsinnrétting, þilplötur o.fl. sem keypt var 1979.

A Þórðarstöðum var íbúðarhúsið einangrað og klætt utan með stálplötum og skift um alla glugga.

Í húsið var lögð ný skolplögn og frá þvf og sett niður rotþró. Grafið var frá grunni hússins og borið þéttiefni á veggina, ræst frá grunninum og síðan ekið að mál. Þak var einnig lagfært.

Kostnaður varð um 6.3 milljónir króna.

A Vöglum I var einnig lagt nýtt fráfrennsli frá húsinu og komið fyrir rotþró.

Lokið var við að olfubera viðbygginguna við starfsmannabústaðinn og mála þak og glugga, einnig var farið yfir eldri hlutann um leið.

Geymsla var máluð og olfuborin, einnig hluti af skemmu.

Vaglinn II. var allt málað að utan, borið á glugga og hurðir utan og innan og máluð fjögur herbergi og gangur.

Í Skógarseli var vatnsinntaki breytt og unnið að þvf að koma fyrir hitadúkk.

## 9. 2. Nývirki.

Aðeins var lokið við að ganga frá starfsmannabústað eins og að framan getur, einnig lokið frágangi lóðar.

## 10. V E L A R O G V E R K F E R I.

Um miðjan júl var fenginn nýr rússajoppi og þeim gamla var skilað í lok ágúst.

Það var farið fram á að mega halda þeim gamla áfram, til þess að geta frekar búið þeim nýja, en því fékkst ekki framgengt.

Þá var einnig fengin hingað ný dráttarvél af Zetor gerð, með framhjóladrifi. Er vélin hið mesta þarfa þing í skógarvinnu. Þar sem beltin voru orðin ónýtt, sem notuð voru á Ferguson vélina, má segja að þetta hafi verið óhjákvæmileg fjárféasting.

Keypt var ný Jobu keðjusög, enda er það miklu hagkvæmara að endurnýja sagirnar reglulega, en kaupa mikið af varahlutum, sem eru mjög dýrir auk þess sem mikil vinna fer þá í viðhald.

Ennfremur var keyptur, rennibekkur, ekki sjálfvirkur, hefill með afréttara og sérstök sög. Allt notuð tæki og samilega góðu verði sem eiga að vera nægileg við alla venjulega smíði hér heima.

## 11. Y M I S L E G T.

### 11. 1. Ferðalög og fundahöld.

Sat aðalfund og stjórnarfundir Skógræktarfélags S.-Þingeyinga, svo og aðalfund Kvenfélagasambands sýslunnar í Mývatnesveit.

Leiðbeindi um tjárekt á Blönduósi og Skagaströnd og athugaði land á þrem stöðum í Aðaldal, til trjárektar.

Fór til Skagafjarðar og syndi myndir og ræddi um skógrækt hjá Kvenfélagasambandinu þar, ásamt Jóhanni Pálssyni, sem flutti þar erindi. Fór ennfremur um með Snorra Sigurðssyni og Óla Val, sem voru með fræðslufundi í sýslunni.

Fékk sérstakt boð frá Katli Kohmann um að koma á námskeið á Birk í Noregi í jan. 1981, en var ekki gefinn kostur á að þiggja það boð.

Ferðaðist um með Þórarni Benedikz vegna skjólbelta gerðar í S.-Þing. og um skóglendin til að athuga skemmdir á trjágróðri eftir kuldana 1979.

### 11. 2. Ferðafólk.

Ferðafólk var nú fleira en á s. 1. ári. Hjólhýsum fjölgaði mjög og voru 30 - 40 hjólhýsi meiri hluta sumars í Flatagerði. Voru gerðar þar talsverðar lagfæringar. Voru þakin svæði sem voru orðin að flagi, aðallega eftir bílaumferð, gerð voru bílastæði og svæðinu lokað fyrir umferð ökutækja. Tekin var hluti af svæðinu sunnan við lækinn (túninu) undir hjólhýsastæði og s. 1. haust var sett þar um 200 m. skjólbelti. Í haust voru allar snyrtingar málaðar utan og innan og dreift húsdýraáburði á tjaldstæði og hjólhýsasvæðið. Kostnaður við þessar framkvæmdir og vörzlan var um 3.9 milljónir króna, þar af laun og launatengd gjöld tæpl. 2.8 milljónir, tekjurnar voru aftur á móti 3.3 milljónir króna.

### 11. 3. Annað.

Í nóvember flutti Sigurgeir Isaksson úr íbúðarhúsinu í Ásbyrgi. Heppilegt getur verið að nota húsið s. hl. sumars, ef þar væri unnið við grísjun og þarf þá að afla viðlegubúnaðar. En taka þarf ákvörðun hvernig húsið verður notað að öðru leiti. Talsverðar endurbætur þarf að gera á hásinu, svo að það liggi ekki undir skemmdum. Skifta þarf um glugga, einangra húsið og klæða utan og lagfæra þakið. A Vöglum á belamörk var jafnað yfir allar húsarústir sem þar voru fyrir. Um miðjan júlí s. 1. fékk undirritaður skipunarbréf frá Landbúnaðarráðuneytinu, þar sem umdæmið stækkað og skógarverði gert að sinna skógvörslu í Eyjafjarðar- og N.-Þingeyjarsýslu, án aukagreiðslu fyrir þá viðbót. Kom sú skipun nokkuð á óvart og var henni mótmælt við ráðuneytið og skógræktarstjóra. Um síðir varð þó samkomulag um að nokkur aukagreiðsla kæmi fyrir viðbót þessa.

Akureyri 9. febrúar 1981.

